

## Eyþing - áhersluverkefni 2020

Verkefni	Tónleikaröð í sumar á Akureyri Backpackers með áherslu á ungt tónlistarfólk.
Markmið	Að styðja við og efla ungt tónlistarfólk í því að koma fram ásamt því að glæða miðbæinn lífi.
Stutt verkefnislýsing	Ungir tónlistarmenn hafa oft lítinn aðgang að stöðum til að flytja sína tónlist og koma fram. Akureyri Backpackers hefur frá opnun staðarins haldið fjölmarga tónlistarviðburði með áherslu á unga tónlistarmenn sem eru að byrja sinn feril og aldrei ritskoðað þá tónlist sem flutt er. Allir hafa verið velkomnir þó með þeim formerkjum að ekki er selt inná staðinn. Staðurinn hefur litla burði til að greiða tónlistarmönnum fyrir enda hefur annar kostnaður nægt svo sem leiga á búnaði, gisting fyrir tónlistarmenn og auglýsingar.
Framkvæmdaaðili	Akureyri Backpackers
Samstarfsaðilar	Ungt tónlistarfólk á Akureyri
Tengsl við sóknaráætlun 2020-2024 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Fellur vel að markmiði Sóknaráætlunar um að auka hlutdeild skapandi greina í veltu atvinnulífsins og um leið að auka tækifæri ungra listamanna til þess að koma sér á framfæri nærri heimabyggð.  Þetta leiðir til fjölgunar á ungmönnum með hagnýta kunnáttu í formi tónlistarsköpunar, sjálfbærs lífsstíls ásamt menningalegri fjölbreytni.
Árangursmælikvarðar	Ekki kann ég leið til að árangursmæla svona enda er þetta ekki drifið áfram af hagnaðarvon. Leiða má líkur að því að bæði flytjendur og áhorfendur finni fyrir aukinni vellíðan meðan á flutningi stendur og vonandi langt á eftir.
Lokaafurð	Tónleikaröð 6 tónleika á Akureyri Backpackers sem eflir og bætir sjálfstraust ungra tónlistarmanna í að koma fram opinberlega.
Tímarammi	Júní til ágúst 2020
Áætlaður kostnaður	300.000, gert er ráð fyrir að þetta skiptist jafnt á tónleikana og fari allt til tónlistarmannanna í formi launagreiðslu eða styrks.
Framlag úr sóknaráætlun 2020	300.000 kr.